

# Dagen og vejen

eftir Peter Nielsen

## Erlendar bækur

Jóhanna Kristjónsdóttir

**PETER Nielsen.** Þetta er jafn danskt nafn og titillinn á bókinni. Mér skilst að þetta sé fyrsta bók Peters Niensens og ýmsir gagnrýndur í Danmörku hafa hvatt lesendur til að leggja þetta nafn á minnið. Sumir hafa orðað það svo í umsögnum að hann skjóti þó jafn hikandi upp kollinum í dönskum bókmenntavettvangi og aðalpersóna hans í sögunni.

Ungi maðurinn í sögunni er atvinnulaus og fær gegnum vinnumiðlun starf á sjúkrahúsi — sjúkrahússögur eða e-ð sem tengist þeim, um fram allt það sem snertir hugsýki er mikil tízka í dönskum bókmenntum nú og virðist vera að ryðja umþenkningum um stöðu konunnar og kúgun hennar í nútímaþjóðfélagi af vettvangi í bili. Söguhetja Peters Niensens er ansi þokukennnd vera og hann er aukin heldur gerður skaplítil. Í meginatriðum eru ekki mikil litbrigði í karakternum og satt að segja hef ég velt fyrir mér hvað þessi bók eigi að segja lesandanum, því að auðfundir er að þrátt fyrir lágan tón telur Peter Nielsen sig hafa eitthvað að segja með henni. Ég veit ekki hvort á að kalla þetta tilraunabókmenntir — splunkunýr realismi. Eða er þetta atvinnumarkaðsbók? Eða kannski ekkert af þessu. Lýsingar Peter Niensens á persónu sinni og því umhverfi sem hún hrærist í og því fólki sem er nærri henni, orkuðu ekki á mig, nema sem einhvers konar fingraefingar. Ég hef lúmskan grun um að ýmsir danskir gagnrýndur hafi öldungis ekki verið vissir um, að þetta væri ýkja merkileg bók, en hún er skrifuð af nægilegum metnaði, að það væri freistandi að halda að svo sé. Ungi pilturinn í bókinni vakti ekki áhuga minn nema að mjög takmörkuðu leyti og mér fannst hann sem sagt ekki ýkja tilkomumikil né rismikil persóna. En kannski ég hafi ekki lesið bókina með réttu hugarfari eða bara alls ekki skilið einhvernan merkan boðskap sem hún hefur að flytja. Þá er að taka því.

# „Leggjum áherslu á sérinnkaup“

— SEGIR GUÐJÓN SIGURÐSSON, EINN EIGENDA VERSLUNARINNAR SÉR

„Ef ég á að gefa einhverja heildarlínu yfir þann fatnað, sem við erum með, þá má segja að við séum með fremur fagaðan og kvenlegan fatnað, sem framleiddur er á Ítalíu og í Bandaríkjunum af viðurkenndum fataframleiðslufyrirtækjum og tiskuhúsum,“ segir Guðjón Sigurðsson, sem rekur verslunina **SÉR** í Aðalstræti, ásamt konu sinni, Sigríði Pálsdóttur, og systur sinni, Grétu Sigurðardóttur, og manni hennar, Sveinbirni Ragnarsyni.

„Ef ég nefni ítölsku fyrirtækin fyrst, þá seljum við fatnað frá **Valentino**, sem er vel þekktur í tiskuheiminum. Hann leggur einkum áherslu á finan kvíðklæðnað.

**Alberta Ferretti** er aðallega með dragtir, blússur og peysur. Frá **Enrico Coveri** fáum við fremur sportlegan fatnað.

Af bandarískum fyrirtækjum má nefna **John Anthony**, en hann framleiðir glæsilegan, sigildan fatnað.

**Betty Hansson** hannar fatnað fyrir ungu konuna. Hún er bæði með finan dagklæðnað og kvíðklæðnað úr ekta silki.

**Jack Mulqueen** hannar eingöngu fatnað úr ekta silki og er hann afar finlegur og klæðilegur.

Þá kaupum við einnig af hinu þekktu tiskuhúsi **Oscar De La Renta**, en hann leggur mesta áherslu á finan kvíðklæðnað.

Frá Kanada kaupum við fatnað af fyrirtæki, sem kallar sig **The Monaco Group**. Þaðan fáum við fremur stílfærðar flíkur, en þessir framleiðendur fylgja meira þeirri tisku, sem er ríkjandi hverju sinni, en þeir sem við höfum talið upp, því þeir leggja meiri áherslu á að fatnaðurinn sé klassískur.

Leðurfatnaðurinn, sem við erum með, er svo frá **Carla** og **Maxime Crassina**, sem eru ítölsk fyrirtæki. Er hér um mjög vandaða og smekklega vöru að ræða.

Okkar stefna er sú að vera ekki með fleiri en 1—2 flíkur af hverri gerð. Sum erlend fyrirtæki setja þau skilyrði að kaupa verði ákveðið magn af hverri flík, en við kær-um okkur ekki um það. Svona sérinnkaup hleypa verðinu auðvitað upp, en við teljum, að konur séu miklu ánægðari með þennan fatnað, þar eð þær geta verið fullvissar um, að sjá ekki einhverja aðra konu í nákvæmlega eins fatnaði.

Þær flíkur, sem við erum með, eru eins og ég sagði áðan frá viðurkenndum tiskuhúsum. Það má slá því föstu, að þrátt fyrir að sérinnkaupin hækki verðið sé þessi fatnaður töluvert ódýrari hér á landi en sambærilegur fatnaður erlendis, vegna þess að við höfum hér fasta álagningu. Það er því óþarfi fyrir fólk að eyðileggja fríin sín erlendis með búðarþí!

Þegar við byrjuðum með verslunina fyrir tæpum mánuði ákváðum við að byrja með breiða línu og sjá síðan hvað konum félli best. Við miðum okkar viðskiptamannahóp aðallega við aldurinn 25 ára og upp úr.

Ég tel að það sé grundvöllur fyrir verslun eins og þessa vegna þess að margar konur hafa sagt mér, að þeim finnist að hér hafi aðallega verið hægt að kaupa unglíngafatnað og svo hefðbundinn fatnað fyrir eldri konur, en vantað hafi fatnað, sem kemur þarna einhvers staðar mitt á milli.


Mér finnst klæðaburður íslenskra kvenna líka vera spegilmynd þessa og því of mikið um það, að konur, sem ekki geta kallað sig tánínga lengur, klæði sig í þannig fatnað, einfaldlega vegna

þess að annað hefur ekki verið til. Þau fyrirtæki, sem við verslum við, leggja á það áherslu að kalla fram það besta í mismunandi einstaklingum og draga fram persónuleika hvorrar konu, en steypa ekki allar í sama mótið.


Ég vonast því til þess, að viðskiptavinir mínir reyni að finna sér fót við hæfi, en tiskan nú er afar frjálslæg og býður upp á margvíslega möguleika.“



Þjónustubríf með 4 sk. frímerki og tvennd af 8 sk. merki, stimplað í Hjarðarholti.



Geysifágætt umslag, et. í Bjarnanesi 1883. Sjá um-sögn í þættinum.



„Fylgibréf“ með peningapoka frá Stykkishólmi. Sjá nánar í þættinum.

fylgdi með peningapoki, svo sem lesa má á bréfinu, með 520 krónum í gamalli mynt. Á fyrstu árum íslenskra frímerkja gegndu áhrifin oft sama hlutverki og fylgibréf löngu síðar.

Þetta 20 aura frímerki fjólubláa var endurprentað 1881, en sú prentun er mjög sjaldgæf með ekta stimpli og ekki sízt á bréfi, þar sem hún var aðeins í notkun í rúm t ár. Þá var breytt um lit á þessu verðgildi og hann hafður blár. Þó mátti nota fjólubláa merkið innanlands „fyrst um sinn“. Þrátt fyrir

það leyfi voru engin örug dæmi um, að menn hefðu notfært sér það. Nú hefur hins vegar komið í leitirnar eitt ábyrgðarbréf frá 1883, stimplað í Bjarnanesi, þar sem á er þetta sjaldgæfa 20 aura merki frá 1881 og eins 10 aura merki. Leikur hér eftir enginn vafi á, að einhverjir hafa notað merkið innanlands samhliða bláa merkinu, en óhætt er að fullyrða, að þetta er eitt hið sjaldgæfasta umslag í íslenskri frímerkjasögu, ef ekki alveg einstætt.

Rétt er, að það komi hér fram, að skjalaverðir þeir, sem hafa farið yfir skjalasöfnin, leggja miða innan í umslögin, áður en bréfin eru fjarlægð, þar sem getið er um stað, dag og ár bréfsins. Slíkt er ómetanlegt fyrir þá, sem rannsaka vilja útgáfusögu einstakra prentana íslenskra frímerkja, því að í stimplum þessara tíma var ekkert ártal.

Engin leið er að lýsa hér öllu nánar þeim bréfum, sem blasa við gestum FRÍMEX 1982 í átta römmum, enda er sjón sögu ríkari. Hér höfum við allar þrjár prentanir 20 aura almenna merkisins frá 1882 á

bréfum. Þegar kemur að því að segja frá þjónustubrífum, vandast málið, enda er hver hlutur nánast einstakur í sinni röð. Við höfum allar þrjár prentanir 10 og 20 aura merkjanna frá 1876 á bréfum og svo allar fjórar prentanir 5 aura merkisins frá 1878. Slík sjón hefur ekki áður blasað við augum manna.

Að endingu vil ég gera að mínum orðum eftirfarandi úr dreifi-eða kynningarorðum F.F. Þar segir: „Þótt hér hafi verið stiklað á stóru og aðeins minnst á örfá einstök bréf, er þó ljóst, að hér er um að ræða stórmerkilegt sýningar-efni. Á þessi afmælisýning Félags frímerkjasafna vafalaust eftir að vekja mikla athygli, bæði hér heima og erlendis, vegna þeirra einstæðu bréfa, sem nú koma í fyrsta skipti fyrir augu safnara og alls almennings. Eiga þessi bréf, og reyndar fleiri bréf í vörzlu safnsins, eftir að styrkja rannsóknir á íslenskri frímerkjasögu á fyrstu áratugum hennar, stýðja sumt, sem til þessa hefur verið talið rétt, og breyta öðru.“